

Föstudaginn 4. desember 1998.

Nr. 470/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Kio Alexander Ayobambele Briggs

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og b-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 11. janúar 1999 kl. 16. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Kio Alexander Ayobambele Briggs, breskum ríkisborgara, fæddum 4. september 1972, til heimilis í Madrid á Spáni, verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 11. janúar 1999 kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í greinargerð lögreglu kemur fram, að Briggs hafi verið handtekinn að morgni 1. september 1998 á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins frá

Alicante á Spáni, en í farangri hans á flugvellinum hafi fundist mikið magn ætlaðra fíkniefna, 2.031 tafla af efni, sem samkvæmt litaprófun lögreglu og rannsókn rannsóknastofu í lyfjafræði hafi reynt vera metýlendíoxímétamfetamín (MDMA-klóríð).

Kærði hafi gengist við því, að pakki með þessum efnum hafi verið í farangri sínum við komu til landsins, en kveðst enga vitneskju hafa um tilvist þessara efna eða hvernig þau komust í farangur sinn. Töflurnar hafi verið pakkðar í tvo glæra plastpoka, sem aftur var pakkad inn í rauðan plastinnkaupapoka, sem var vafinn inn í fatnað á botni töskunnar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. september sl. í málinu nr. R-175/1998, hafi kærða verið gert að sæta gæsluvarðhaldi til 14. september sl. kl. 16.00, en hann kært úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 7. september sl. Með úrskurði 14. september sl. í málinu nr. 179/1998 hafi kærða verið gert að sæta gæsluvarðhaldi til 5. október kl. 16.00. Loks hafi gæsluvarðhald kærða verið framlengt með úrskurði 5. október sl. uns dómur gengi í máli hans, en þó eigi lengur en til 30. nóvember 1998 kl. 16.00. Sá úrskurður hafi verið kærður til Hæstaréttar, sem staðfest hafi hann með dómi 13. október sl.

Í greinargerð lögreglu segir enn fremur um málavexti, að kærði hafi verið yfirheyrður fimm sinnum hjá lögreglu vegna málsins. Sé gerð ýtarleg grein fyrir framburði kærða og framgangi rannsóknarinnar í skýrslu Lárusar Kjartanssonar rslm., dagsettri 14. september 1998, en eftir þá greinargerð hafi kærði verið yfirheyrður tvisvar, þ. e. 25. september og 16. nóvember sl.

Málið hafi verið sent ríkissaksóknara til meðferðar 20. nóvember, en ríkissaksóknari hafi nú með bréfi, dags. 27. nóvember, endursent málið til lögreglustjóra með fyrirmælum um frekari rannsókn þess. Sú rannsókn, sem krafist sé af hálfu ríkissaksóknara, beinist að því, hvort kærði hafi unnið verk sitt í samvinnu við annan tiltekinn aðila og að reynt verði að upplýsa til þrautar um þátt þess aðila í málinu.

Sterkur grunur sé um, að kærði hafi framið það brot, sem um ræðir. Efnin hafi fundist í fórum hans, og framburður hans stangist verulega á við framburð annarra í málinu, sem aftur beri saman. Þá hafi vitni borið, að kærði hafi sýnt því efnin. Það eru ótvíræðir hagsmunir almennings, að kærði, sem hafi verið staðinn að slíku broti, gangi ekki laus, meðan máli hans sé ekki lokið, en um sé að ræða mjög hættulegt fíkniefni, svo sem kunnugt sé, en jafnframt langmesta magn þess, sem vitað er um, að hafi verið flutt hingað til lands í einu lagi.

Ekki þykir skotið loku fyrir, að kærði kunní að spilla framgangi þeirrar rannsóknar, sem ríkissaksóknari hefur beðið um, með því að hafa áhrif á þann aðila, sem framhaldsrannsókn málsins beinist einkum að.

Kærði sé erlendur ríkisborgari og ekki með nein tengsl við landið, og má því vænta, að hann fari af landi brott, þrátt fyrir það að hann kveðist ekki munu gera það. Er því nauðsynlegt að halda kærða í gæsluvarðhaldi, meðan verið sé að ljúka umbeðinni rannsókn.

Verið sé að rannsaka ætluð brot kærða gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem geti varðað kærða allt að tíu ára fangelsisrefsingu, ef sannist, og megi um það nefna dóm Hæstaréttar, upp kveðinn 30. janúar 1997, í málinu nr. 470/1996: Ákærvaldið gegn Lahouari Sadok. Rannsókninni sé ekki að fullu lokið, eins og að ofan greini. Þá megi gera ráð fyrir, að kærði yfirgefi landið, eins og áður segi.

Þá liggja fyrir, að sterkur grunur er um, að kærði hafi framið brot, sem að lögum geti varðað allt að tíu ára fangelsi, sbr. það, sem áður segi um 173. gr. a almennra hegningarlaga, og séu það ótvíræðir hagsmunir almennings, að hann sæti því áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, enda sé dómvenja fyrir slíku.

Heimildir til gæsluvarðhalds séu í a- og b-lið 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og sé þess krafist með vísan til þeirra, ofangreinds og fram lagðra gagna, að krafan nái fram að ganga.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja, að fyrir liggja rökstuddur grunur um, að kærði hafi brotið gegn ákvæðum 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getur varðað allt að tíu ára fangelsi.

Um er að ræða rannsókn á innflutningi á miklu magni fíkniefna, sem enn er ekki að fullu lokið. Fyrir liggur, að lögreglustjórinn í Reykjavík sendi ríkissaksóknara málið til meðferðar 20. nóvember, en ríkissaksóknari endursendi málið með bréfi, dags. 27. nóvember sl., með fyrirmælum um frekari rannsókn þess. Sú rannsókn mun beinast að því, hvort kærði hafi unnið verk sitt í samvinnu við annan tiltekinn aðila, og um þátt þess aðila í málinu. Ljóst er því, að nokkur tími mun líða, þar til rannsókn málsins er að fullu lokið. Kærði er erlendur ríkisborgari og býr á Spáni. Hann hefur ekki komið til Íslands áður, að því er kunnugt er, og ekki er vitað til, að hann hafi dvalarstað hér á landi.

Verður með vísan til alls framangreinds að fallast á þær röksemdir lögreglu, að nauðsynlegt sé að halda kærða í gæsluvarðhaldi enn um sinn, meðan rannsókn heldur áfram. Enda þótt umræddur aðili, sem viðbótar-rannsókn mun beinast að, hafi gengið laus, frá því að kærði var handtekinn 1. september sl., og hafi því getað borið sig saman við aðra þá, er rannsóknin hefur beinst að, þykir samt sem áður full ástæða til að ætla, að kærði gæti enn torvelað rannsóknina, ef hann endurheimtir nú frelsi sitt. Farbann myndi því ekki nægja.

Með vísan til þess, sem segir um rannsókn málsins hér að framan, þykir leika sterkur grunur á því, að kærði hafi framið stórfellt fíkniefnabrot, sem að lögum gæti varðað hann tíu ára fangelsi, en brotið er þess eðlis, að ætla verður, að umbeðið gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almanna-hagsmuna.

Með vísan til framanritaðs er fullnægt skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um gæsluvarðhald svo og 2. mgr. sömu greinar laganna. Ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og hún er sett fram og nánar greinir í úrskurðarorði. Með tilliti til þeirrar viðbótarrannsóknar, sem ríkissaksóknari hefur fyrirskipað á þætti annars manns í umræddu broti, áætlaðs tíma til útgáfu ákæru, ef til kemur, og væntanlegrar dómsmeðferðar þykja ekki efni til að ákvarða gæsluvarðhaldinu skemmri tíma en lögreglustjórinn í Reykjavík fer fram á.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kio Alexander Ayobambele Briggs, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til 11. janúar 1999 kl. 16.00.
